

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og samkvæmt viðauka við samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar nr. 813/2018, sbr. breytingu á samþykktinni nr. 64/2025, sem kveða á um valdheimildir skipulagsfulltrúa til fullnaðarafgreiðslu, er eftirfarandi óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi samþykkt.

Eyravegur 26-30 – óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 28. janúar 2026 óverulega breytingu á deiliskipulagi Eyravegar 26-30 á Selfossi. Í breytingunni felst afnámi á kvöð um gegnumakstur milli bílastæða á baklóðum lóða 28-30 og 32 og um sameiginlegan veg á lóðarmörkum þessara lóða. Aðkoma að lóðum 26 og 28-30 er að öðru leyti óbreytt, þ.e. annars vegar frá Þóristúni og hins vegar frá Eyravegi um sameiginlega aðkomu. Með breytingunni færast gangstétt meðfram lóð 28-30 að lóðarmörkum.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 10. mars 2026.

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar,
Vígfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 24. mars 2026